

**1966 nr. 89 17. desember****Lög um Framleiðnisjóð landbúnaðarins**

**Tóku gildi 31. desember 1966.** *Breytt með:* L. 13/1971 (tóku gildi 29. apríl 1971). L. 77/1972 (tóku gildi 26. júní 1972). L. 90/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992). L. 48/1992 (tóku gildi 10. júní 1992; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 5. gr.). L. 73/1996 (tóku gildi 19. júní 1996). L. 121/1999 (tóku gildi 30. des. 1999). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

□ Stofna skal sjóð, er nefnist Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Hlutverk sjóðsins skal vera það að veita styrki og lán til framleiðni aukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Má jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir, er miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar, svo og framkvæmdir, er stefna að því að samræma landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innan lands og utan á hverjum tíma.

□ Lán og styrki úr sjóðnum má meðal annars veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana. Við styrkveitingar til einstakra bænda skal að öðru jöfnu taka tillit til efnahags þeirra.

**■ 2. gr.**

□ [Stjórn Framleiðnisjóðs skal skipuð fimm mönnum sem [ráðherra]<sup>1)</sup> skipar til fjögurra ára í senn. Tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu ráðherra byggðamála og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar. Varann skal skipa með sama hætti.]<sup>2)</sup>

□ [Aðsetur sjóðsins skal vera í Borgarnesi, nema ráðherra ákveði annað.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 46. gr. <sup>2)</sup> L. 73/1996, 10. gr. <sup>3)</sup> L. 121/1999, 2. gr.

**■ 3. gr.**

□ Stjórn Framleiðnisjóðs úthlutar lánum og styrkjum úr

sjóðnum. . . .<sup>1)</sup>

□ Um hver áramót skal stjórn Framleiðnisjóðs láta [ráðherra]<sup>2)</sup> í té skýrslu yfir störf sín og fjárveitingar úr sjóðnum á liðnu ári. Jafnframt skal sjóðsstjórnin senda [ráðherra]<sup>2)</sup> til athugunar fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir komandi ár og greinargerð um þau meginverkefni, er að kalla.

□ Við afgreiðslu þeirra mála, sem falla undir verksvið Framleiðnisjóðs, er stjórninni heimilt að leita aðstoðar opinberra stofnana og hvers þess aðila, sem hefur sérþekkingu til að bera á þeim málum.

<sup>1)</sup> L. 13/1971, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 46. gr.

**■ 4. gr.**

□ Stofnframlag ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs skal vera 50 millj. krónur.

□ Af stofnframlaginu greiðast 20 millj. krónur á árinu 1966 og skal stjórn Framleiðnisjóðs ráðstafa þeirri fjárhæð, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, til vinnslustöðva landbúnaðarins vegna endurbóta, sem gerðar hafa verið á árinu 1966. Eftirstöðvarnar, 30 millj. krónur, skulu greiðast með jöfnum árlegum greiðslum á árunum 1967–1969.

□ [Á árunum 1972–1976 skulu greiddar úr ríkissjóði til framleiðnisjóðs kr. 50 milljónir, kr. 10 milljónir hvert ár.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 13/1971, 2. gr.

**■ 5. gr. . . .<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 73/1996, 10. gr.

**■ 6. gr.**

□ . . .<sup>1)</sup>

□ Ársreikningar sjóðsins skulu að lokinni endurskoðun lagðir fyrir stjórn hans til staðfestingar.

□ Reikningar Framleiðnisjóðs skulu árlega birtir í Stjórnartíðindunum.

<sup>1)</sup> L. 73/1996, 10. gr.

**■ 7. gr.**

□ Stjórn Framleiðnisjóðs ákveður vexti af lánum og önnur lánskjör, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.